

## Fundargerð af símafundi svæðisráðs vestursvæðis, 28.09.15; kl. 16:00

Mætt: Erla Ívarsdóttir; Heiða Guðný Ásgeirsdóttir; Heiða Guðmundsdóttir; Hákon Gunnarsson; Ólafía Jakobsdóttir og Snorri Baldursson. Ásta Berghildur Ólafsdóttir boðaði forföll.

### 1. Kosning formanns og varaformanns

Erla bar upp tillögu um að Heiða Guðný héldi áfram sem formaður og Ásta Berghildur sem varaformaður og var tillagan samþykkt samhljóma.

### 2. Starfsemi sumarsins

Snorri fór yfir það helsta í starfsemi vestursvæðis sumarið 2015. Fjórtán landverðir störfuðu á svæðinu í níu stöðum. Starfsemin gekk vel eftir að hálandisstöðvar opnuðu, óvenju seint þetta árið, og engin slys urðu á fólki. Af framkvæmdum bar hæst nýja sýningu í Skaftárstofu – upplýsingamiðstöð og aðrar umbætur þar, gerð palls og grjótveggs umhverfis snyrtingu og viðveruhús við Langasjó, uppsetningu vindrellna til raforkuframleiðslu við áningastaðina við Langasjó og undir Laka og við starfsmannahúsið í Blágiljum, þökulagningu og annan frágang við útsýnispallinn í Eldgjá, framhaldandi vinnu við göngustíginn upp á vesturbarm gjárinnar og tenging vatnsveitu í Hrossatungum. Ekki náðist að ljúka við svokallaðann „krakkastíg“, upplifunartíg fyrir börn við Skaftárstofu, en stefnt er að því að klára það verkefni fyrir vorið 2016. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með starfsemi þjóðgarðsins.

### 3. Staða þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri

Heiða Guðný o.fl. rifjuðu upp sögu verkefnisins sem verði hefur á dagskrá frá árinu 2010. Í júní sl. var haldinn fundur hagsmunaaðila og umhverfisráðherra þar sem ráðherra lýsti eindregnum vilja að halda verkinu áfram. Í framhaldi réði hún dr. Bjarna Reynarsson sem verkefnisstjóra. Hann hefur fundað með helstu hagsmunaaðilum og velt upp ýmsum möguleikum. Að frumkvæði Bjarna hittust allir hagsmunaaðilar þekkingarseturs á fundi á Selfossi þann 11. september sl. þar sem verkefnið var rætt. Þar kom fram eindreginn vilji allra fundarmanna að þekkingarsetur rísi á Kirkjubæjarklaustri á þeim forsendum sem áður hafa verið ræddar og að ekki sé tilefni til að breyta þeim. Hins vegar megi endurskoða staðsetningu setursins þegar ákvörðun hefur verið tekin um að það skuli byggt.

Svæðisráð tók undir þessa afstöðu og stendur heils hugar að baki verkefninu.

### 4. Önnur mál

- Snorri lýsti áhuga á að endurnýja umsókn um gerð kláfs fyrir göngumenn yfir Skaftá undir Sveinstindi og jafnvel undirbúning að göngubrú neðar á Skaftá, gengt Skælingum. Svæðisráð tók vel í það.
- Snorri upplýsti að hann hefði sótt um ársleyfi frá þjóðgarðinum frá og með næstu áramótum. Leyfið hyggst hann nota til að skrifa handrit að leiðsögubók fyrir almenning um lággróður Íslands.
- Stefnt er að næsta fundi svæðisráðs á Kirkjubæjarklaustri, fimmtudaginn 29 október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50

SB